



**Ávarp
forseta Íslands
Guðna Th. Jóhannessonar
á fundi
Náttúruverndarsamtaka Íslands
og High Seas Alliance
19. september 2016**

„Föðurland vort hálft er hafið.“ Þau orð má finna í sálmi, sem Jón Magnússon birti á árum heimsstyrjaldarinnar síðari, og um skeið voru þau kjörorð Landhelgisgæslunnar. Svo er þó ekki lengur og margt annað hefur breyst í tímans rás. Sjávarútvegur var meginstoð íslenska velferðarríkisins sem til varð á síðustu öld. Fiskveiðar, fiskvinnsla og fiskisala, um þetta snerist verðmætasköpun á Íslandi. Þegar öllu er á botninn hvolft þá er lífið þó fyrst og fremst saltfiskur, segir í Sölu Völku, skáldsögu Halldórs Laxness, sem kom út á kreppuárunum og dró skáldið þannig saman í örfáum orðum hagsögu landsins um þær mundir.

Um miðbik aldarinnar hófst svo fyrir alvöru barátta fyrir fullum umráðum yfir auðlindum hafsins umhverfis Ísland. Þorskastríð voru háð, lokasigur vannst árið 1976 þegar önnur ríki viðurkenndu öll tvö hundruð sjómílna lögsögu okkar Íslendinga. Tveimur árum síðar minntist Gunnar H. Ólafsson skipherra þorskastríðanna með þessum orðum: „Skemmtilegast er þó að þótt landsmenn rifust um allt og alla í sambandi við landhelgina sýndi það sig að þegar í harðbakkann sló á miðunum stóð öll þjóðin saman sem einn maður hvar í flokki sem menn annars stóðu.“ En síðan komu varnaðarorð um framtíðina:

En er þá öllum átökum um Íslandsmið lokið? Tæplega. Enþá er eftir fjórða og kannski erfiðasta þorskastríðið en það er að rækta upp aftur hálfdeydda fiskistofna í kringum landið. Og nú stendur þjóðin ekki einhuga lengur, hagsmunir rekast á hagsmuni og bróðir er á móti bróður. Þetta stríð verður þó að vinnast því án þess er öllum sigrum í landhelgismálinu á glækastað. Ef illa tekst til er það okkur sjálfum einum að kenna. En ef vel tekst til mun sjórinn veita okkur þann auð sem þarf til uppbyggingar öflugs iðnaðar og betri lífskjara í sjálfstæðu landi.

Síðan liðu árin. Við Íslendingar höfum deilt um það hvernig til hafi tekist við fiskveiðistjórnun og verndun auðlinda hafsins. Því munum við halda áfram en allt bendir þó til að fiskistofnar séu ekki lengur í hættu, að líkindum vegna þess að hin síðari ár hafa ráðherrar í meginatriðum farið að fiskveiðiráðgjöf vísindamanna. Um leið verðum við að víkka okkar sjóndeildarhring þegar horft er til framtíðar. Og nú er jafnvel meira í húfi en nokkru sinni fyrr. Nú þarf að verja lífríki heimshafanna, sporna við mengun, hlýnun og súrnun sjávar og ofveiði innan og utan lögsögu ríkja. Sérfræðingar í vistkerfum hafsins óttast sumir að voðinn sé vís verði ekkert að gert nú þegar. Stækka þurfi verndarsvæði úthafanna og grípa þegar í stað til margvíslegra annarra aðgerða. Það er brýnt fyrir okkur Íslendinga að fylgjast vel með þeirri umræðu, taka öflugan og virkan þátt í alþjóðlegu vísindasamstarfi um heilbrigði hafanna og leggja okkar lóð á vogarskálar í alþjóðlegum stofnunum.

Ég er þakklátur fyrir að fá tækifæri til að flytja stutt ávarp við upphaf þessarar málstefnu. Hér verður rætt um ástand hafsins og verndun sjávar utan 200 mílna efnahagslögsögu ríkja. Þá verður minnst á nauðsyn þess að öll stefnumótun um nýtingu og verndun lífríkis heimshafanna byggist á langtímasýn frekar en skammtímasjónarmiðum um skjótfenginn gróða. Um leið og ég tek undir þau sjónarmið lýsi ég fundinn settan.